



## Stigskipting keppnisvalla GSÍ

### Inngangur

Tilgangur stigskiptingar er tvíþætt. Fyrst og fremst hefur verið litið á stigskiptinguna sem verkfæri til að auka gæði golfvalla á Íslandi og tryggja að klúbbar hafi sameiginleg viðmið að styðjast við og geti þannig hagað framkvæmdum við velli sína í samræmi við eigin markmið um gæði og stærð þeirra móta sem þeir hafa áhuga á að halda.

Stigskiptingunni hefur einnig verið ætlað að vera tól til að auðvelda val á völlum til að halda Íslandsmót GSÍ. Íslandsmót GSÍ eru 23 talsins og hafa mismunandi kröfur til vallanna sem hýsa þau. Með stigskiptingu keppnisvalla ætti að vera auðvelt að ákvarða hvaða vellir uppfylla skilyrði til þess að halda þessi Íslandsmót. Uppsetning stigskiptingar er sett fram með þeim hætti að völlum er skipt upp í flokka A, B, C eða D þar sem í hverjum flokki er miðað við hvers konar mót völlum í viðkomandi flokki á að geta hýst. Gert er ráð fyrir að golfklúbbar fái nokkur ár til þess að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í hverjum og einum flokki. Þannig eru settar fram kröfur til 3ja ára, 6 ára og 9 ára frá og með árinu 2024.

### A-völlur

18 holu völlum sem getur haldið öll mót á vegum GSÍ þar með talið Íslandsmótið í höggleik. Til að geta talist A völlum þarf völlum að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Kröfur fyrir árið 2027: GEO, menntaður vallarstjóri, sjálfvirkt vökvunarkerfi í öllum flötum vallarins, þ.m.t æfingافلötum. Golfskáli með veitingasölu sem uppfyllir reglugerðir
- Kröfur fyrir árið 2030: Æfingasvæði til að slá full golfhögg, Vökvunarkerfi í svuntum og teigum. Aðstaða fyrir vallarstarfsmenn sem uppfyllir reglugerðir
- Kröfur fyrir árið 2033: Klúbbhúsin - Búningsklefar - blaðamannaaðstaða og fleira. Aðstaða fyrir mótsstjórn og móttöku skorkorta í klúbbhúsi eða við klúbbhús

Lágmarkslengd keppnisvalla af öftustu teigum:

- Par 70 - 5900 metrar
- Par 71 - 6000 metrar
- Par 72 - 6100 metrar



## B-völlur

18 holu völlur sem getur haldið öll mót á vegum GSÍ utan Íslandsmóts í högggleik, s.s., Íslandsmót eldri kylfinga í högggleik og Íslandsmótið í holukeppni. Til að geta talist B völlur þarf völlur að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Kröfur fyrir árið 2027: GEO, Menntaður vallarstjóri.
- Kröfur fyrir árið 2030: Vökvunarkerfi í flötum, Golfskáli með veitingasölu sem uppfyllir reglugerðir
- Kröfur fyrir árið 2033: Vökvunarkerfi í svuntum og teigum. Aðstaða fyrir vallarstarfsmenn sem uppfyllir reglugerðir

## C-völlur

9 holu völlur sem getur haldið hluta af mótum á vegum GSÍ, s.s. neðri deildarkeppnir í Íslandsmóti golfklúbba og áskorendamót.

- Kröfur fyrir árið 2027: GEO
- Kröfur fyrir árið 2030: Menntaður vallarstjóri - Klúbbhús m/gildu starfsleyfi
- Kröfur fyrir árið 2033: Vökvunarkerfi í flötum

## D-völlur

9 holu völlur sem ekki nær C viðmiðum eða vellir með færri holur. Halda ekki GSÍ mót en önnur almenn mót.

Stigskiptingunni er ætlað að þjóna sem viðmið fyrir golfklúbbana og Mótanefnd Golsambandsins. Með stigskiptingunni er komið verkfæri fyrir klúbbana til að vinna eftir til að stefna að tilteknum markmiði. Það er síðan hvers golfklúbbs að ákveða hvert skal stefna og stigskiptingin markar þá tiltekið markmið sem klúbbarnir geta reynt að ná.

Það að klúbbur nái ekki tilsettum markmiðum þýðir ekki að viðkomandi völlur verði ekki notaður í mótahaldi GSÍ en líklegt er að ef valið stendur á milli valla sem hafa uppfyllt tiltekin skilyrði þá verði sá völlur valin sem hefur uppfyllt fleiri atriði en sá sem hefur uppfyllt færri.

Útgáfa 1. 2023